

## Skipulag

Fundarboðandi:	Agnes Helga Martin	Fundarstaður:	Fjarfundur (Teams)
Fundarstjóri:	Þóra J. Jónasdóttir	Dagsetning:	28. apríl 2026
Fundarritari:	Agnes Helga Martin	Fundartími:	13:00 – 15:00

**Þátttakendur:** Þóra J. Jónasdóttir (yfirdýralæknir og formaður fagráðs), Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, (f.h. Bændasamtaka Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnun HÍ), Helga Sigríður Viðarsdóttir (varamaður f.h. DÍ), Linda Karen Gunnarsdóttir (varamaður f.h. Dýraverndarsamband Íslands, DÍS). Starfsmaður MAST: Agnes Helga Martin (sérgreinadýralæknir gæludýra og dýra sem notuð eru í vísindaskyni).

## Dagskrá

### 1. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

**a. Titill umsóknar:** Áhrif S- og R-amlóðipíns á heilastarfsemi sebrafiska metin með heildrænni sameindagreiningu (e. multi-omic analysis) með tilliti til nýrrar ADHD meðferðar.

Tilgangur rannsóknar - framhaldsrannsókn á áhrifum S- og R-amlóðipíns á heilastarfsemi sebrafiska með það að markmiði að þróa nýjar meðferðir við ADHD með því að greina breytingar í efnaskiptum, próteinum og genatjáningu.

Fyrir fundinn lá mat Agnesar Helgu Martin sérgreinadýralæknis á umsókninni. Fagráð veitir jákvæða umsögn. Sérþóknun: DÍS bendir á að ávallt skuli hafa í huga að dýr eru skyni gæddar verur.

**b. Titill umsóknar:** Atferlis- og próteinmengjafræði sebrafiska með erfðabreytingu á RBM12 geni.

Tilgangur að rannsaka hlutverk RBM12 gens í tengslum við geðklofa og þróun dýralíkans með sebrafiskum til lyfjarannsóknar.

Fyrir fundinn lá mat Agnesar Helgu Martin sérgreinadýralæknis á umsókninni. Fagráð veitir jákvæða umsögn. Sérþóknun: DÍS bendir á að ávallt skuli hafa í huga að dýr eru skyni gæddar verur.

**c. Titill umsóknar:** Skrásetning ferða villtra sjófugla með rafeindabúnaði (GLS, GPS, TDR) og lífsýnataka (fjaðrir, blóð, og stokusýni).

Tilgangur að rannsaka ferðir, fæðuöflun og líffræðilega þætti sjófugla með notkun rafeindabúnaðar og lífsýnatöku, m.a. til að auka skilning á stofnbreytingum og stuðla að verndun tegunda.

Fyrir fundinn lá mat Agnesar Helgu Martin sérgreinadýralæknis á umsókninni. Fagráð veitir jákvæða umsögn. Sérþóknun: DÍS bendir á að ávallt skuli hafa í huga að dýr eru skyni gæddar verur.

**d. Titill umsóknar:** Bólusetning íslenskra fálkaunga gegn fuglaflensu.

Tilgangur rannsóknar að kanna hvort hægt sé að vernda íslenska fálka gegn fuglaflensu með bólusetningu. Niðurstöður rannsóknarinnar munu auka þekkingu á áhrifum bólusetningar gegn fuglaflensu í villtum fuglum og geta stuðlað að verndun íslenska fálkastofnsins til framtíðar.

Fyrir fundinn lá mat Agnesar Helgu Martin sérgreinadýralæknis á umsókninni. Fagrað veitir jákvæða umsögn. Verkefnið talið hafa mikið verndargildi fyrir íslenska fálkastofninn. Sérþóun: DÍS bendir á að ávallt skuli hafa í huga að dýr eru skyni gæddar verur.

**e. Titill umsóknar:** Rannsókn á hlutverki Atg7 í spendýrasjúkdómum.

Tilgangur að rannsaka hlutverk Atg7 ísóforma í sjúkdómum spendýra með erfðabreyttum músalíkönun, með það að markmiði að skilja lífeðlisfræðilegt hlutverk þeirra og möguleg klínísk not (t.d. í krabbameini og efnaskiptasjúkdómum).

Afgreiðslu frestað, óskað er eftir frekari upplýsingum.

**f. Titill umsóknar:** Langtímavöktun bleikju í hraunhellum við Mývatn

Tilgangur - langtímarannsókn á bleikjustofnum í hraunhellum við Mývatn til að meta stofnstærð, lifun, vöxt og þróunarfræðilega þætti í náttúrulegu umhverfi.

Afgreiðslu frestað, óskað eftir frekari upplýsingum.

**g. Titill umsóknar:** Fiskmerkinganámskeið.

Tilgangur að nota lifandi fiska til kennslu í deyfingu og fiskmerkingum á námskeiði sem veitir þáttakendum réttindi og verklega færni.

Fyrir fundinn lá mat Agnesar Helgu Martin sérgreinadýralæknis á umsókninni. Fagrað veitir jákvæða umsögn. Sérþóun: DÍS bendir á að ávallt skuli hafa í huga að dýr eru skyni gæddar verur.

## 2. Önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:35. Næsti reglulegi fundur Fagraðs um velferð dýra verður haldinn 26. maí 2026 kl. 13.00.